

Hverfisráð Grafarvogs

Árið 2015, laugardaginn 10. janúar var haldinn 112. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði í Grafarvogi og hófst kl. 14:35. Viðstaddir voru Bergvin Oddsson, formaður, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Rafn Guðmundsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóhannes Óli Garðarson, áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, samtaka eldri borgara í Grafarvogi, Árni Guðmundsson, áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Grafarvogs, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði, og Hera Hallbera Björnsdóttir, verkefnastjóri í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram listi frá Sonju Wium, verkefnisstjóra Betri hverfa, frá 5. desember 2014 listi yfir þau verkefni sem sett voru inn á vefinn Betri hverfi og búið er að kostnaðarmeta þar sem hverfisráði er falið að stilla upp lista með 20 verkefnum til kosninga. Einnig er lagt fram tölvubréf dags. 9. janúar 2015 frá Sonju Wium, verkefnisstjóra Betri hverfa, þar sem fyrri lista, sem samþykktur var á fundi 5. janúar sl., er hafnað m.a. vegna þess að ætlaður kostnaður við eitt af verkefnum, vatnsrennibraut í sundlaug Grafarvogs, er hærri en þeir fjármunir sem fylgja Grafarvogshluta Betri hverfi.

Lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Lagt er til að hverfisráð Grafarvogs haldi sig við val á þeim þrettán hugmyndum sem samþykktar voru á hverfisráðsfundi 5. janúar og leiti til Umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að útfæra hugmyndina um að bæta við vatnsrennibraut við sundlaug Grafarvogs þannig að hún falli inn í verðrammann 20/25 milljónir en þó eigi meira en 40,8 milljónir ef hærri upphæð þarf til.

Tillagan er felld.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Á fundi hverfisráðs mánudaginn 5. janúar var tekin ákvörðun af ráðinu hvaða hugmyndir færu í kosningu í Betri hverfi meðal íbúa Grafarvogs. Ein hugmynd fékk meiri meðstuðning í forvali á vef Betri Reykjavík/Betra hverfi en nánast allar hinar hugmyndirnar til samans það er tillaga um að „Gera sundlaug Grafarvogs að enn meiri skemmtun fyrir börn og unglinga. Bættum við nýrri, opinni og breiðri vatnsrennibraut í sundlaug Grafarvogs fyrir marga til að renna í einu, 12 metra langa eins og þá breiðustu í Mosfellsbæ þar sem margir krakkar og unglingar geta rennt saman í samhliða og/eða í einu“. Ítrekað hefur verið reynt að koma í veg fyrir að tillaga þessi fái fram að fara en allar aðrar tillögur eru mjög auðveldar í gegnum samþykktakerfi borgarskipulags og allt gert til að aðlaga þær innan innan viðmiðunarreglna og verðrammans sem er 40,8 milljónir ef þær snúa að malbikun á göngustígum sem borgin þarf að fara í, viðgerð á leiktækjum sem borgin á að vera búin að sinna og/eða fjölgun á bekkjum og ruslatunnum um hverfið sem borgin á sjá um að séu til staðar. Allt er reiknað upp í hæstu hæðir og er því nú einnig slegið hér fram til að reyna að koma í veg fyrir vatnsrennibrautina en í góðu lagi er að aðlaga aðrar tillögur nái innan verðrammans t.d. með því að minnka hversu mikið á að malbika af göngustígum. Þriðja hindrunin sem slegin er upp er vinnutímaramminn en verkið þurfi að klárast innan ársins en á sama tíma eru ókláruð stórverkefni frá kosningu síðasta árs upp á 16 milljónir eða þriðjungur af fé hverfisins. Engin rök duga gegn hugmynd um vatnsrennibraut í sundlaug

Grafarvogs og hafa íbúar hverfisins fullan rétt til þess að fá að kjósa um þessa hugmynd.

Hverfisráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins styður hugmynd fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um að hverfisráð haldi sig við upprunalegu 13 tillögurnar og gerir athugasemd við það verklag að hægt sé að ætlast til að hverfisráð fylli kvóta með 20 tillögum þegar aðeins 13 hafa staðist nána skoðun ráðsins. Í þeim tillögum sem bæta þarf við er margt sem þarf að athuga og útfæra betur.

Lagt er til að eftirtöldum verkefnum verði vísað til kosninga í Betri hverfi.

1. Setja upp leiktæki á leiksvæðum í Hamrahverfi í stað þeirra sem voru rifin niður.
2. Rathlaupabraut á Gufunesi.
3. Betrumbæta opið svæði/leikvöll á milli Flétturima og Berjarima.
4. Útsýnisskífa í Húsahverfi.
5. Útsýnisskífa og lagfæringar.
6. Strandstígur í vestanverðum Grafarvogi. Tengir saman strandstíga í Grafarvogi.
7. Gróðursetja við knattspyrnuútisvæði Egilshallar (milli GR Korpu og Egilshallar).
8. Betri lýsing við malarstíg á milli Vættaskóla Engi og Gullengis.
9. Viðhald göngustígs norðan Strandveggar og Staðahverfis.
10. Gróður og hljóðmön við Borgaveg.
11. Fræðandi fjölskyldu sælureitur í Garfarvogi.
12. Endurbætur á leiksvæði í Húsahverfi.
13. Skjól belti við innkomu í Staðarhverfi.
14. Beygja fyrir hjól frá Langarima að Hallsvegi.
15. Hundagerði í Grafarvogi.
16. Bekkir.
17. Malbika göngustíg í Engjahverfi.
18. Lagfæring á leiksvæði á svæði milli Jöklafoldar og Frostafoldar.
19. BMX hjólabraut.
20. Ísbað í Grafarvogslaug.

Samþykkt.

Lögð fram svohljóðandi bókun meirihluta hverfisráðs Grafarvogs, Bergvin Oddsson, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Örn Guðmundsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir:

Kjörnir fulltrúar hverfisráðs Grafarvogs gera athugasemdir við bókun áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina. Sú tillaga sem lögð var fram í Betri Reykjavík og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina vill sjá í kosningu í Betri hverfi er óábyrg tillaga þar sem hún er bæði langt yfir þeim fjárhagsramma sem Grafarvogi og íbúum Grafarvogs er heimilt að setja fjármuni í í ný verkefni innan hverfisins. Þar sem tillaga um nýja vatnsrennibraut í sundlaug Grafarvogs hefur ekki fengið forathugun um hvort það sé hægt að setja viðkomandi rennibraut í og við sundlauginu telur meirihluti hverfisráðs Grafarvogs það óábyrgt að vilja sjá tillögur í kosningu þar sem ekki er búið að að forvinna hugmyndina eða gera raunhæfa fjárhagsáætlun. Meirihluti hverfisráðs Grafarvogs mun samt sem áður beita sér fyrir því að fyrirnefnd rennibraut verði reist í sundlaug Grafarvogs í framtíðinni á öðrum vettvangi borgarinnar, svo sem ÍTR.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallavina:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lýsir yfir furðu sinni yfir ákvörðun Samfylkingarinnar og annarra í meirihlutanum. Enn og aftur hefur hverfisráð hafnað hugmyndum sem styðja við íþróttir og íþróttamannvirki. Síðast var því hafnað að Fjölur fengi áheyrnarfulltrúa í hverfisráð nú því að íbúar hverfisins fái að kjósa um að fá vatnsrennibraut fyrir börn og unglunga í Grafarvogslaug.

Lögð fram svohljóðandi bókun hverfisráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks gerir athugasemd við afgreiðslu embættismanna á þeim tillögum sem þykja tækar til kosninga í Betri hverfi. Ef allar tillögur þurfa að uppfylla skilyrði aðalskipulags snúast kosningarnar frekar um forgangsörðun á framkvæmd skipulagsins og viðhalds heldur en beint íbúalýðræði.

Fundi slitið kl. 16:00

Bergvin Oddson

Guðbrandur Guðmundsson
Gisli Rafn Guðmundsson

Herdís Anna Þorvaldsdóttir